

Stærðfræði 8. bekkur

Kennarar: Guðrún Anna Kjartansdóttir; Svala Hilmarsdóttir Magnús

8

Skólaárið

Skólaárið 2024 - 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Námsefninu er skipt upp í 5 lotur. Hver lota er 5-6 vikur og byggð á ákveðnu efni úr námsbókum. Nemendur vinna eftir vikuáætlun frá kennara. Ef nemdandi nær ekki að klára af einhverri ástæðu þarf að ljúka áætlun heima

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

1 Lota er frá byrjun skólaárs til lok september. Unnið verður með tölur og talnareikning eins og deilanleika, þáttun, neikvæðar tölur, röð reikniáðgerða, veldi og fleira.

2 Lota er frá lok september til desember. Unnið verður með rúmfræði eins og horn, marghyrninga, hlutföll, ummál, flatarmál, hringi o.fl.

3. Lota er frá des til byrjun mars. Unnið verður með almennbrot, tugabrot og prósentur.

4. Lota er frá mars til apríl. Unnið verður með tölfræði í þessum kafla. Mikið unnið í Classroom og í samstarfi við upplýsingamennt.

5. Lota er frá apríl til miðjan maí. Unnið verður með algebru og jöfnur. Farið verður yfir grunnþætti algebrunar.

Námsaðlögun

Í þeim tilfellum þar sem nemendur ná ekki að fylgja námsmarkmiðum, þá er byrjað á því að stytta áætlanir og einfalda markmið. Ef þetta dugar ekki til þá er farið í það að útbúa einstaklings miðaðar kennsluáætliir og markmið fyrir hverja lotu.

Námsmat

Námið verður metið með leiðsagnamati yfir önnina sem og kaflaprófum sem lögð eru fyrir í lok hverrar lotu. Í lok skólaárs fá nemendur námsrángur metinn í bókstaf.

Námsgögn

Skali 1A

Skali 1B

Almenn stærðfræði I

Almenn stærðfræði II

Efni frá kennara

AS Stærðfræði 8. bekkur 2023 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrir mælum og nýtt tímum vel
- skilað verkefnum á réttum tíma
- vandað vinnubrögð

AS Stærðfræði 8. bekkur 2023 - 2025 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál

AS Stærðfræði 8. bekkur 2023 - 2025 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar

AS Stærðfræði 8. bekkur 2023 - 2025 - Tölur og talnareikningur

- notað sætiskerfisrið og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann
- reiknað og unnið með almenn brot
- umskráð og unnið með tugabrot
- þáttað og frumþáttað tölur og þekkt munin þar á
- reiknað og notað prósentur í daglegu lífi
- gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- nýtt sér röð aðgerða
- reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru
- reiknað með neikvæðum tölum
- unnið með veldi og reglur sem um þau gilda

AS Stærðfræði 8. bekkur 2023 - 2025 - Algebra

- leyst einfaldar jöfnur
- unnið með einfaldar stæður og skilið undrstöðuhugtök algebrunnar

AS Stærðfræði 8. bekkur 2023 - 2025 - Rúmfræði og mælingar

- notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti, sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými
- mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu,
- teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum,
- að nemendur geti skráð og lesið hnit í hnitakerfi
- Að nemandi geti unnið með einslæg horn
- að nemendur geti skráð og lýst ýmsum tegundum samhverfu

AS Stærðfræði 8. bekkur 2023 - 2025 - Tölfræði og líkindi

- flokkað gögn og búið til tíðnitöflur
- skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir
- fundið hlutfallstíðni
- sett fram gögn með myndritum